



Plötuspilari „Umfangsmesta verk sýningarinnar er hringlaga spegill sem virkar eins og plötuspilar.“

Morgunblaðið/Heidli

Þetta sem við sjáum ekki

MYNDLIST

JÓN B.K. RANSU



LISTASAFN REYKJAVÍKUR – HAFNARHÚS | Pétur Már Gunnarsson

Opið alla daga frá 10-17. Sýningu lýkur 8. mars. Aðgangur ókeypis. ★★☆☆☆

Pétur Már Gunnarsson er ellefti listamaðurinn til að sýna í sýningaröð í D-sal Listasafns Reykjavíkur – Hafnarhúsi. Sýningin nefnist Mæri sem ég vil túlka þannig að listamaðurinn vilji brjóta einhver sjónræn eða skynræn mörk. Hins vegar er hluti sýningarinnar leikur að einhvers konar rök-rænu stafarugli, þannig að ég hef þessa túlkun mína með fyrirvara um að verið sé að krukka

Með þessu sjónarspili [...] tekst listamanninum að losa um afmörkun rýmis og/eða minna á að það er svo margt sem við sjáum ekki [...].

svolítið í túlkun manns.

Á sýningunni skoðar Pétur möguleika rýmis út frá orðum, hljóði og sjón. Umfangsmesta verk sýningarinnar er hringlaga spegill sem virkar eins og plötuspilari. Tónlistin er í raun hljóðið sem hann nemur af sjálfum sér og ómar um salinn með videigandi rispu í speglinum sem

heggur í nálina í jöfnum takti samhliða snúningi spegilsins. Um leið virkar rýmið heldur á floti þegar maður starir á seiddandi snúninginn.

Með þessu sjónarspili, að viðbættu speglaverki sem vísar út fyrir rýmið og tölvumynd sem flýtur í einu horninu, tekst listamanninum að losa um afmörkun rýmis og/eða minna á að það er svo margt sem við sjáum ekki, svo margt sem ekki er fýsískt og við getum ekki snert en er þarna engu að síður.

Pétur er nærgættinn listamaður og allt að því dundari (ekki í neikvæðri merkingu) og er sýningin hóflega sniðin og ósköp þægileg að sækja. Hins vegar virkar hún heldur bundin við einhvers konar ráðsett eða stofnanalegt síð-flúxus, sem ég kyngi ekki alveg (er eiginlega ennþá að tryggja), sérstaklega þar sem hún er hluti af sýningaröð sem uppfhefur nýnæmi íslenskrar samtímalistar.

Í GANGI

LEIKLIST

Rústað, Sarah Kane
Borgarleikhúsið

„Leikararnir standa sig með þrýði í þessu erfiða verki sem hlýtur að reyna á þá sem listamenn og manneskjur. Túlkun þeirra á þessum brotnu og ónýtu manneskjum var mjög góð og er á engan hallað þótt hér sé tekið fram að



Ingvar sýnir enn og aftur að hann er einn af okkar allra mögnuðustu leikurum. Leikmynd Barkar Jónssonar var fagmannlega unnin og vel úthugsuð. Lýsing og hljóð þjónuðu verkinu vel. Tónlistin, nokkrir píanóhljómar, undirstrikaði einmanaleika persónanna.

Rústað er vel unnin og mögnuð sýning þar sem áhorfandinn er skilinn eftir í rúst.“

Ingibjörg Þórisdóttir

Fólkið í blokkinni,
Borgarleikhúsið

„[Þ]að er skemmtilegur leikur í leiknum, humor auðvitað, persónurnar beint úr íslenskum veruleika og boðskapur alters ego höfundarins, hans Óla, bræðir að lokum harðsvíruðustu hjörta, sviptir ógninni af alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr höfðinu að minnsta kosti nokkur andartök og fær mann til að trúá að í blokk í Hólahverfinu þar sem raunveruleg samhygd ríkir, menn syngja saman og beita töfrabrogdum, kunnir okkur öllum að verða bjargað með kærleikanum einum saman.“

María Kristjánsdóttir


Sumarljós

Þjóðleikhúsið (síðasta sýning)

„Í sviðsetningunni er aðaláherslan á draugagang og girnd, spaug; kvennærbuxur, gegnsær kjólar, berrassaðir kallar, menn sem pissa á sig (og pissa á aðra – ekki frá Jóni Kalman heldur úr sjávarplássi „Steinars í djúpinu“). Og svo þessi hefðbundna kóreógráfía sýninga á stóra sviðinu, einn léttur hópdans – hreyfing hér og þar.“

María Kristjánsdóttir

KVIKMYNDIIR



The Reader ★★★★★

„Sviðsmyndirnar og búa-ingarnir líta óaðfinn-anlega út. Lesarinn spannar nokkra áratugi á ofanverðri síðustu öld, frá grámyglu Þýskalands eftir stríðsáranna til Þýskalands samtímans eftir efnahagsundrið. Kvikmyndatakan er í færum höndum tveggja af virtustu tókustjórum samtímans, Rogers Deakins og Chris Menges, umbúðirnar eru sterkari en brothætt innihaldið.“

Sæbjörn Valdimarsson

Doubt ★★★★★

Shanley leikstýrir handriti sem hann gerði eftir eigin leikriti sem vann til verðlauna á sínum tíma, en höfundurinn er sjálfsagt þekktastur fyrir krassandi handrit Moonstruck, eina eftirminnlegustu mynd 9. áratugarins, ekki síst fyrir litríkar persónur (sem voru að auki frábærlega vel leiknar), og leiftrandi smáatriði í textanum („... la Luna ...“). Sömu kostir eru meginstyrkur Doubt.

Sæbjörn Valdimarsson

MYNDLIST



Listasafn Reykjavíkur

Ásmundur Ásmundsson – Steypan

★★★★☆ Sýningu lýkur 8. mars

„Verk Ásmundar hafa ætíð samfélagslega skírskotun og er auðvelt að sjá skúlptúrinn sem enn einn steypuminnisvarðann eins og þá sem standa óhreyfðir eftir efnahagshrunið. Ásmundur ýjaði reyndar að þessari tengingu með kómískri hógvæð í ræðu sem hann hélt við opnun og hangir nú á vegg til afestrar. Er óhætt að mæla með þessari æðislega vondu sýningu fyrir alla sem elska og hata íslenska samtímalist.“

Jón B.K. Ransu

101 Projects

David Örn Halldórsson – Væmin natúr og dreki. Sýningu lýkur á morgun

„Myndirnar eru nosturslega unnar, af listfengi og hugmyndaríki. Listamaðurinn notar ýmsan efnivið sem á vegi hans verður og má því segja að útlit verkanna ráðist að einhverju leyti af tilviljun.“

Anna Jóa

Vandræði á Ísalöndum

TÓNLIST

JÓNAS SEN



NORRÆNA HÚSIÐ | Myrkir músíkdagar – pí-anótónleikar Verk eftir Snorra Sigfús Birgisson, Þuríði Jónsdóttur, Hauk Tómasson, Frescobaldi, Purcell og Bach. Flytjendur: Snorri Sigfús Birgisson og Anna Guðný Guðmundsdóttir. Mánudagur 9. febrúar. ★★★★★

Um Ísalönd aukast nú vandræðin ... Þessi titill á þjóðlagi á hádegis-tónleikum í Norræna húsinu á mánudaginn vakti kátínu tónleikagesta. Skiljanlega. Ólíkt því sem nú á sér stað í þjóðfélaginu var ekki mikill vandræðagangur í flutningi þjóðlagsins. Þvert á móti var ánægjulegt að hlýða á hann. Pí-anóleikararnir Snorri S. Birgisson og Anna Guðný Guðmundsdóttir spiluðu lagið fjórhent og þrjú önnur að auki, öll ættuð úr Norður-Múlasýslu. Um var að ræða frumflutning á glænýjum útsetningum Snorra. Þetta eru einstaklega fallegar tónsmíðar sem einkennast af framandi, nánast munúðarfullum hljómunum. Á tónleikunum voru þeir listilega útfærðir af pí-anóleikunum.

Svipaða sögu er að segja um frábært örvverk eftir Þuríði Jónsdóttur, Hermetique. Það samanstóð af hvikulum nótnahendingum og brotnum hljómunum sem mynduðu heillandi tónavef. Anna Guðný spilaði það afar vel, leikur hennar var skýr og öruggur, auk þess sem viðkvæm, skáldleg blæbrigði voru mótuð af kostgæfni.

Haukur Tómasson átti líka skemmtilegt verk í einskönar „ambient“ stíl sem ég hef



Allt í öllu
Snorri Sigfús Birgisson
frumflutti glænýja útsetningu eftir sjálfan sig.

Morgunblaðið/Sverrir

Þetta eru einstaklega fallegar tónsmíðar sem einkennast af framandi, nánast munúðarfullum hljómunum. Á tónleikunum voru þeir listilega útfærðir af pí-anóleikunum.

áður fjallað um, Glacial Pace. Snorri spilaði það og gerði af réttu mýktinni; útkoman var samfelldur unaður.

Loks léku þau Anna Guðný og Snorri glitrandi fagrar útsetningar Györgys Kurtágs á tveimur stykkjum eftir Frescobaldi, einu eftir Purcell og öðru eftir Bach. Það var sérlega ljúft áheyrnar. Flutningurinn á því síðastnefnda, Gottes Zeit ist die allerbeste Zeit, úr einni af fyrstu kantötum tónskáldsins, var svo hástemmdur og fullur af andakt að tónlistin virtist ekki vera af þessum heimi. Maður gat ekki ímyndað sér betri endi á tónleikum.